

# Kennsluáætlun 2024-2025

## 4. bekkur

### Íslenska



**Kennarar: Sveinbjörg Eva Jóhannesdóttir og Steinunn Guðnadóttir**

Markmið:

Nemandi

- Á góð samskipti, sýnir virka hlustun, áhuga og kurteisi
- Sýni vinnusemi, metnað og almenna ígrundun við vinnu sína.
- Getur lesið texta við hæfi með góðum hraða, a.m.k. 80 orð á mínútu.
- Les sér til skilnings
- Getur svarað spurningum út frá texta
- Dregur rétt til stafs
- Skrifar skýrt og læsilega
- Semur texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð
- Byrjar málsgrein á stórum staf og endar málsgrein með punkti
- Nýtir í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi
- Nái tókum á einföldum málfræðihugtökum og -reglum eins og:
  - að flokka nafnorð, þekki sérnöfn og samnöfn í texta
  - að þekkja kyn orðanna
  - að flokka sagnorð og lýsingarorð

Kennsluáferðir/vinnulag:

- Einstaklingsvinna
- Para- og hópavinna
- Unnið eftir vikuáætlunum
- Leiðsagnarnám
- Leitarnám

Námsmat:

- Lesfimi í september, janúar og maí (lesfimiviðmið við lok 5. bekkjar eru a.m.k. 90 orð á mínútu)
- Orðarún - lesskilningspróf
- Leiðsagnarmat
- Símat, kannanir og próf
- Virkni og vinnubrögð í tímum

Námsgögn:

- Málsgreinar og mas
- Lesskilningsefni
- Ýmis gögn frá kennurum